

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

5. október 2021

Mættir: Bára Tómasdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Ingibjörg Sigmundsdóttir úr fráfarandi stjórn. Agnieszka Korpak, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Inga Lóa Karvelsdóttir, Sigurður Arnar Sölvadóttir, Sunna Rós Svansdóttir og Unnur Tedda Þorgrímsdóttir úr nýrri stjórn.

Fundur fór fram rafrænt og var fyrsti formlegi fundur nýrrar stjórnar

Fundur settur kl 20:00.

Ásdís Björg var skipuð formaður, Agnieszka gjaldkeri og Sunna Rós ritari. Foreldrafélagið hefur áheyrnarfulltrúa í fræðslu- og skólanefnd, þetta skólaárið eru það Ásdís Björg og Unnur Tedda, Inga Lóa verður varamaður. Ásdís Björg er einnig fulltrúi foreldra í Skýjaborg í skólaráði ásamt Báru Tómasdóttur og Helga Pétri Ottesen sem eru fulltrúar foreldra í Heiðarskóla.

Fráfarandi stjórnarmeðlimir fóru yfir það sem foreldrafélagið hefur staðið fyrir og svaraði spurningum frá nýjum stjórnarmeðlimum. Mikil hvatning kom frá fráfarandi stjórn að við færum okkar eigin leiðir, að koma með nýjar hugmyndir og viðburði.

Farið var yfir fjármagn foreldrafélagsins og rætt um styrktarumsóknir.

Hugmyndir komu fram um hvað við mögulega gætum gert á skólaárinu 2021-2022. Má þar nefna, jólaball, bingó, rafræna fræðslu og forvarnarverkefni.

Umræða var um litla þátttöku í jólaföndri sem foreldrafélagið hefur haldið og ákvörðun tekin um að sleppa því í ár. Einnig var rætt um fræðslufundi sem hafa verið haldnir en illa sóttir og því kom hugmyndin um möguleikan á að geta boðið frekar uppá þá rafrænt.

Að lokum var ákveðið að hittast næst mánaðarmótin október/nóvember

Fundi slitið kl 21:20

Fundargerð rituðu Sunna Rós Svansdóttir og Ásdís Björg Björgvinsdóttir